
Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir á Skógarströnd 2011



**Adolf Friðriksson,
Garðar Guðmundsson, Howell M. Roberts og Guðrún Alda Gísladóttir**



**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2011
FS474-11112**

©2011
Fornleifastofnun Íslands
Institute of Archaeology
Bárugötu 3
IS-101 Reykjavík

Sími/Tel: 00354 551 1033
Fax: 00 354 551 1047
Netfang/E-Mail: fsi@instarch.is
www.instarch.is

Kápumynd: Dys hjá Setbergi á Skógarströnd.

Efni:

1. kafli Inngangur.....	4
2. Kafli Kuml, haugar, dysjar og leiði	5
Narfeyri	6
Ytra Leiti.....	6
Setberg	7
Straumur	7
Valshamar.....	8
Keiksbakki.....	9
Bílduhóll	10
Emmuberg	12
Hólmlátur	12
Rifgirðingar	14
Ólafsey.....	14
3. Kafli Niðurstöður.....	15
Heimildir	16

1. kafli Inngangur

Árin 2007 og 2011 voru gerðar rannsóknir á meintum legstöðum frá heiðni í Dalasýslu. Tilgangur rannsókna var að gera kerfisbundna leit að kumlum í héraðinu. Leitaraðferðin byggist á nýrri þekkingu um staðsetningu kumla á Íslandi annarsvegar og hinsvegar var stuðst við aðrar vísbendingar á borð við mannabeinafundi, lausafundi (forngrípir), örnefni, fornsögur eða sagnir.

Vinnan við verkið var einkum fólgin í leit að vísbendingum í rituðum heimildum og vettvangsrannsóknum. Farnar voru nokkrar ferðir á vettvang í júní, júlí og ágúst árið 2007 og ágúst og september 2011. Afrakstur að hluta rannsókna, þ.e.a.s. kumlaleit í gamla Skógarstrandarhreppi er birtur í þessari skýrslu. Fjárveiting til verksins leyfði ekki að skoðaðir yrðu allir staðir, og var m.a. sleppt að skoða alla staði í eyjunum í sparnaðarskyni. Samantekt um markmið og aðferðir verkefnisins og fræðilegt samhengi er að finna í fyrstu skýrslunni um rannsóknina, þ.e. um Saurbæ¹. Í næsta kafla er birt skrá yfir þá minjastaði sem fundust við athuganirnar og í lokakafla er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.


Umsjónarmaður verkefnisins var Adolf Friðriksson. Aðrir þátttakendur voru: Garðar Guðmundsson, Guðrún A. Gísladóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oscar Aldred, Oddgeir Hansson, Howell M. Roberts, Sigrún Garðarsdóttir, Sigríður Torfadóttir, Vala Garðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir.

Fornleifasjóður veitti styrk fyrir heimildavinna og rannsóknum árið 2007 og Alþingi styrkti Fornleifafélag Barðstrenginga og Dalamanna til áframhaldandi athugana á vettvangi sumarið 2011. Er Fornleifasjóði, Alþingi og Fornleifafélaginu hér með færðar þakkir fyrir stuðning við verkefnið sem og þeim bændum og heimafélki í Dölum sem veittu okkur margvíslega aðstoð á vettvangi.

¹ Adolf Friðriksson, 2011, Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir í Saurbæ í Dölum. FS473-07291, REYKJAVÍK.

2. Kafli Kuml, haugar, dysjar og leiði

Almenn fornleifaskráning hefur ekki verið gerð í Dölum, en með hliðsjón af skráningu í öðrum byggðum má ætla að heildarfjöldi fornleifa sé a.m.k. um 5.500. Þar af eru um 1000 minjar á Skógarströnd. Eftir að farið hafði verið í gegnum þau gögn sem líklegust voru til að veita vísbendingar um forna legstaði var tekin saman skrá, með stuttri lýsingu á legu og gerð hvers staðar. Fylgir sú skrá hér með og hefst hún vestast í Dalabyggð, þ.e.a.s. yst í Skógarstrandarhreppi og gengur rangsælis til austurs. Í skránni er hverjum bæ gefið númer (samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847) og hver fornleif hefur kennitölu sem samanstendur af tölu jarðarinnar og minjastaðarins.



Mynd 1. Kortið sýnir dreifingu meintra dysja og annarra fornra legstaða á Skógarströnd. (Herforingjaráðskort 1913, 24SV og SA).

Narfeyri SN-292:048 *Draugsholtadys*

Dys var á holtunum í Narfeyrarhlíð, þ.e. vesturhlíð Eyrarfjalls. "Fyrir austan Byrgishöfða er Ytra-Borgargil, og austar af því eru Draugaholt," segir í örnefnaskrá LK. "Sunnan við hann [Byrgishöfða] er Neðraborgargil. Sunnan við gilið eru Draugsholt. Þar er dálítill strókur. Við veginn, Draugsholtadys," segir í örnefnaskrá fyrir Narfeyri (GS). Dysin var líklega við veginn þar sem hann liggur um austumörk Narfeyrarlands. Er það algeng lega kumla. Talsvert rask hefur verið gert í hlíðum og holtum vestan við bæinn og hefur dysin líklega horfið við vegaframkvæmdir.

Heimildir: Ö-Narfeyri LK,7; Ö-Narfeyri GS, 2.



Mynd 2. Dys í Langadal, Ytra-Leiti í fjarska.

Ytra-Leiti SN-293:012 *Dysið*

"Utan við tún á Ytra-Leiti er gil, er heitir Leitisgil, svo er Leitið eða Hvarfið, nokkru utar Dysið," segir í örnefnaskrá GS. Segja má að dysið sé nærri þar sem heimreið og þjóðleið mætast, og svipar því til kumlstæðis. Á Herforingjaráðskorti sem mælt var upp 1911 og gefið út 1913 (sjá mynd 1) má sjá hvernig reiðleiðir lágu fyrir mynni Stóra-Langadals. Núverandi

aðalvegur sveitarinnar liggur norðar og afleggjarinn inn Stóra-Langadal liggur nú austar.
Heimildir: Ö-Ytra-Leiti GS, 1.



Mynd 3. Dys hjá Setbergi.

Setberg SN-299:016 heimild um legstað

Með örnefnaskrá Setbergs (sjá Ö-Setberg GS) fylgir ljósmynd af grjótdys. Aftan á myndina er ritað: "Gæti verið legstaður Illuga Tagldarbana. Afsent Jón Jónsson". Ekki er greint frá því hvar staðurinn er, en ljósmyndin er næld við Ö-Setberg GS. Um 510 m VNV frá bænum er grjóthruga, svipuð dysjum. Ógerlegt er að segja um aldur eða hlutverk nema þá helst með uppgrefti.

Heimildir: Ö-Setberg GS, 4.

Straumur SN-301:026 þjóðsaga

"Sögn er hér að auki meðal fólks: að Illugi Tagldarbani sé heygður á fjallsöxl fyrir ofan bæinn Straum í Narfeyrarsókn og bautasteinn settur á framanverðan hauginn. Hér af mun þessi kappvísa komin vera: Eg er að tálga horn í högld, hagleiksmýnd er burtu sigld, Illugi deyddi trölilið Tögl, trúi' eg hún yrði brúnayggld," segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 220. Algengt er í sögnum að grafir fornmanna séu sagðar vera á fjöllum, en engin kuml hafa fundist til þessa á slíkum

stöðum.

Heimildir: Sýslu og sóknalýsingar HÍB: Snæfellsnes III, 220.



Mynd 4. Hafþórsleiði.

Valshamar SN-305:048 þúst

Í Skrá um friðlýstar fornleifar segir: "Valshamar. Hafþórs-leiði, svo nefnt, í túninu, skamt fyrir ofan bæinn. Sbr. Árb. 1920: 17. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 14.06.1929."

[1911]: Skamt fyrir ofan bæinn er stór og einstök þúfa í túninu; snýr hún frá austri til vesturs og hefir frá ómunatíð verið nefnd Hafþórs leiði. Bóndinn á Valshamri, Jón Jónsson, hefir fyrir skömmu gert upp "leiði" þetta og sett legstein á með áletrun: Hafþór 1232. - Mun ártalið ekki rjett, Hafþór veginn 1224," segir MÞ.

"... en í miðju túni fyrir ofan bæinn, upp undir fellinu, er dys Hafþórs Snorrasonar (d. 1224), móðurbróðir Arons Hjörleifssonar," segir í örnefnaskrá LK. Þúfan er um 70 m norðaustan við bæ. Óvist er hvort þúfan tengist Hafþóri frænda Arons. Hinsvegar heyrir til undantekninga að finna kuml í túni.

Heimildir: Skrá um friðlýstar fornleifar 1990; Matthías Þórðarson, Árbók HÍF 1920, 17; Ö-Valshamar LK, 1.



Mynd 5. "Leiði Kolbeins" í túni á Keisbakka. Holtið á Vörðutanga í bakgrunni.

Keisbakki SN-306:030 leiði

"Leidi Kolbeins er til sýnis í mýrinni útundan bænum, það eru 4 al. á leingd, enn 2 á breidd, og miög í Iörd sockid; þann 4da Augusti for eg þángad og tók með mér meðhíálparann Kristian Thorsteinsson og hugdi að grafa upp leiddid, en þá halfalinn var komid ofann y Iörd vard fyrir svo þyckr klaki, að eý vard komist nidur úr. er mér fortalid, að öllum sem búid hafa yfir 10 ár á þeirri Iörd, hafi Kolbein borist í draúma og bedid þá að hressa við Leidi sitt, og hefr þvú madr eptir mann upphladid það, jafnódt og það hefr nidur sýgid. og seinast hlód það madr sem enn lifir, fyrir 18 árumm," segir í FF, 341. "Utan við túnið er Bakkafloi, og í honum utanvert er leiði Kolbeins keis, þess er jörðin er kennd við. Það er skyldukvöð hvers bónda að halda við leiðinu, og mun það hafa verið gert, því það er enn mjög hressilegt," segir í örnefnaskrá LK. "Upp af tunganum [Vörðutanga] eru mýrar. Þar er upphlaðið leiði Kolbeins keis; nú búid að grafa mýrarnar og er verið að gera að túni," segir í örnefnaskrá GS. Samkvæmt heimildum hefur leiðið verið velþekkt lengi. Það er um 700m vestan við bæ og er nú merkt með hvítum krossi.

Heimildir: Ö-Keisbakki LK, 4; Ö-Keisbakki GS, 1; FF, 341.



Mynd 006. Dys í Dysflóa í landi Bílduhóls.

Bílduhóll SN-308:019 dys

"Með ásnum [Innri-Ferðamannaás] liggur Dysflói, og er dys í honum fast við veginn, þar sem hann hallar niður að ánni. Sagt er, að tveir smalar séu dysjaðir þarna, en að þeir hafi drepð hvorn annan, er þeir þrættu um það, hvort Bílduhólsland eða Leitis- ætti Spottann," segir í örnefnaskrá LK. Dysin er mjög stór grjóthrúga, líklega að mestu náttúrumyndun. Hún er 1130 m NA frá bæ, nærri merkjum milli Bílduhóls og Innraleitis og við gamla leið.

Heimildir: Ö-Bílduhóll LK, 2.



Mynd 007. Bílduleiði er neðst í hvammi niðurundan Bílduhólsbæ.

SN-308:021 *Bílduleiði*

"Í útnorður af bænum er Bíldubarð, en í mýrarjaðrinum fyrir neðan það er Bílduleiði. Sagt er að í leiði þessu liggi kerling sú, er fyrst nam byggð þarna, og heitið hafði Bílda," segir í örnefnaskrá LK. Leiðið er í norðvestur frá bænum, um 140 metra, undir barðinu sem heimatúnið er á og sést ekki til leiðisins frá bænum. Reyndar eru þústirnar tvær, en sú nyrðri er stærri og meira áberandi.

Heimildir: Ö-Bílduhóll LK, 1.

SN-308:028 *Skjónadysholt*

"Ofan við Krók eru holt, sem Heydalsvegur liggur um, heita Skjónadysholt," segir í viðbótum TG. Í annarri athugasemd TG segir: "Skjónadysholt kallar núverandi ábúandi Króksholt. Theodór telur jafnvel bæði örnefni vera til á þessum holtum, þ.e. Króksholt telur hann þá vera neðar, en Skjónadysholt ofar." Heydalsvegur liggur til SSV frá Bíldhóli og fer yfir Hrygg, þá eitt holt og næst Skjónadysholt. Vegurinn liggur utanhallt í austurhlið holtsins. Króksholt er norðar og fjær veginum. Er þessi staður um 2 km í beinni línu í SSV frá gamla bænum á Bílduhóli. Örnefnið gefur til kynna að þar sé e.k. dys, en óvíst er hvar dysið var og leit bar ekki árangur.

Heimildir: Ö-Bílduhól: Athugasemdir og viðbætur TG, 2.



Mynd 008. „Legstaður Emmu“, undir steini framan við bæinn Emmuberg.

Emmuberg SN-312:010 Þjóðsaga

"Á Emmubergi hér ý sókn skal buid hafa kona er Emma hét. Leg hennar er sagt þar fyrir nedan Túnid. Stendr þar stórt Bjarg, 3 álna hátt, enn 15 al umm máls, enn mikid í Iörd nidr; gardlag er alt í kríngumm steinninn, og er frekt gángrúm milli Steins og Gards, þikir Biarg þetta Óhrærandi," segir í FF, 341-342. Steinninn er neðan við íbúðarhúsið á bænum, um 60 m frá húsinu, og er nú í túni, en líkist engum legstað.

Heimildir: FF, 341-342.

Hólmlátur SN-314:025 Dysið


"Borgin norðan Dagmáladals getur kallast Norðurborg, en líklega að hún heiti eitthvað annað. Um miðjar borgir er dys og kallast Dysið," segir í örnefnaskrá. "Austur af túninu á Hólmlátri rísa lágar klettaborgir eða ásar, kallaðir Hólmlátursborgir. ...og verða mýrarsund á milli. Þegar gengið er austur frá bænum, verður eitt slíkt sund fyrir, svokölluð Dagmálamýri, og sín klettaborgin til hvorrar handar, Dagmálaborg að norðan, Snorraborg að sunnan. Á austustu borginni, sem þó er ekki sú hæsta, er dysin, og er þetta um 1 km frá bænum," segir Kristján Eldjárn í skýrslu um dysina.

Árið 1940 fannst hauskúpa í grjótdys þessari og og rannsakaði Kristján Eldjárn staðinn þann 29. júní 1942. Í lýsingu hans segir: "Dys þessi er geysimikil grjótdyngja, 4-5 m á breidd og 6 m á lengd. Á þykkt er hún 0,5-1,0 m, en þynnist að líkindum til hliðanna. Grjótið er

mismunandi stórt, allmikið af stórum steinum, en einnig mikið af hnefastórum hnallungum og þaðan af smærra. Dysin snýr frá austri til vesturs og liggur að austanverðu upp að lóðréttu klettaþrepi, sem þó er ekki hærra en svo, að grjótið gengur að nokkru leyti upp á það. Niður með þessu þrepi hafði verið grafið, og þar hafði hauskúpan fundizt. Er hún svo heil, að óhugsandi er, að stórgrýti dysjarinnar hafi hvílt á henni, og má telja líklegt, að gerður hafi verið eins konar kassi af grjóti eða hellum utan um höfuð hins dauða. Um legu kúpunnar verður ekki annað sagt, en að hún hafi verið austast í gröfinni (dysinni). Við rufum dysina lengra vestur og gátum fylgt hryggjarliðum og rifjum á parti. Lágu þessi bein á klöpp og stór steinn ofan á, og því voru þau komin í klessu. Leifar af handleggjabeinum vour um þetta bil. Lærleggir og fótleggir lágu aftur á móti norðar og vesta í gröfinni og allmiklu dýpra, af því að þar hafði verið nokkuð af blautum jarðvegi ofan á klöppinni og beinin sokkið í hann. Hjá fótleggjum var eini gripur dysjarinnar, járnbroddur ferstrendur, 13 sm á lengd, sennilega úr broddstaf. ...Dys þessi mun alls ekki vera frá heiðnum tíma. Umbúnaður er allur næsta ólíkur fornmannagröfum. Ég hef ekki heldur tekið fundinn með í kumlatal.”

Kristján virðist taka heldur djúpt í árinna. Árið 1942 hafði hann rannsakað aðeins 1 kuml áður en hann gróf í Hólmlátusdysina. Með hliðsjón af nýrri vitneskju um staðsetningu kumla er þetta dys þó ekki á sérlega kumlalegum stað, fjarri leið og merkjum. Leitað var að dysinni á stóru svæði í holtunum austur af bænum, án árangurs.

Heimildir: Ö-Hólmlátur GS, 3; Kristján Eldjárn, Árbók HÍF, 52-54.



Mynd 8. Dys á Hólmlátri. Teikn. K.E. 1942.



Mynd 9. Á Hólmláturborg.

Rifgirdingar SN-318:033 heimild um legstað

"Í Eyunni Rifgirdingum standa 2 stórir Fornmanna haugar, enn nú umm heýannatýma er ey fólk fáanlegt til að grafa y þá," segir í FF. Haugarnir í Rifgirdingum voru ekki athugaðir á vettvangi.

Heimildir: FF, 342.

Ólafsey SN-320:022 heimild um legstað

"Sunnan undir Hrísvogsborg, skammt upp af vognum í dálítilli graslaut, er steinhrúga nokkuð stór um sig, eða sem dys eða leiði, og liggur í norður til suðurs. Sú sögn er um dys þessa, að þar undir liggja maður, sem Ólafur hét og eyjan á að hafa fengið nafn sitt af. Maður þessi á að hafa rekið af sjó og druknað af skipi því (Kolkistu), sem Þorsteinn surtur og fólk hans druknaði af í straum þeim, sem heitir Kolkistungur og getið er um í Laxdæla sögu," segir í örnefnaskrá ÞJJ. Þessi staður var ekki athugaður á vettvangi. Hrísvogur er mjór vogur sem skerst inn í norðausturhorn eyjarinnar. Dysin mun vera í gróinni laut undir borginni við voginn.

Heimildir: Ö-Ólafsey ÞJJ, 1.

3. Kafli Niðurstöður

Í Dalasýslu hafa til þessa hafa einungis verið þekkt kuml á tveimur stöðum, þ.e. við Hrútsstaði og Innri-Fagradal og hvor staðurinn um sig heldur fátæglegur: Hjá Hrútsstöðum í Laxárdal fundust einungis hrossbein og yfirskjöldur af kúptri nælu, og í Innri-Fagradal á Skarðsströnd eru sýnilegar leifar grafa, sem hafa verið rændar fyrir löngu. Þaðan er aðeins varðveitt eitt met (þ.e. lóð) og kambur. Væri því mikill fengur í að finna fleiri kuml í þessu héraði.

Markmið þessa verkefnis var að finna einfaldlega fleiri kuml með athugun á staðháttum. Til hliðsjónar var höfð sú niðurstaða staðfræðirannsókna á kumlum er sýnir að þau sé oftast að finna við gamlar leiðir og á ystu mörkum jarða². Til að gera leitina markvissa og viðráðanlega að umfangi var hún takmörkuð á eftirfarandi hátt: farið var á staði þar sem vísbendingar voru um að gætu verið fornir legstaðir (örnefni, sagnir, mannabeinafundir, lausafundir gripa frá víkingaöld), og athugað hversu vel þeir féllu að fyrirbyggjandi þekkingu um staðsetningu kumla. Árangurinn varð meiri en vænst hafði verið: Á svæðinu öllu, þ.e. Dalasýslu, höfum við heimildir um rúmlega 70 staðir sem taldir hafa verið haugar, dysjar og leiði frá fornöld, þar af eru 13 staðir á Skógarströnd. Þessi vitnisburður er vitanlega afar mismunandi, en allar þessar frásagnir eiga þó sameiginlegt að vísa á tiltekinn stað í hverri landareign og því hægt í flestum tilfellum að bera staðsetninguna saman við þekkta og hefðbundna legu kumla hér á landi.

Víkjum nú að þeim meintu legstöðum sem þekktir eru á Skógarströnd. Ekki var farið út í Ólafsey né Rifgirðingar en aðrir staðir voru athugaðir á vettvangi. Dysin hjá Narfeyri hefur horfið við vegagerð eða malarnám og verður því ekki meira um hana sagt. „Dysið“ á Ytra-Leiti er við þjóðveg og heimreið og er líklega varða. Á Setbergi er grjóthrúga sem minnir á dysjar, en gæti verið frá síðari tímum. Dysin í Dysjaflóa í Bílduhólslandi er mjög stór hrúga af einsleitu grjóti. Hvað þessar þrjár dysjar varðar þá skortir þekkingu til að greina í sundur út frá lögun eða gerð hinar mismunandi grjóthrúgur sem víða er að finna í íslensku menningarlandslagi. Þær gætu verið haugar, eða grjót kjarni úr blásnum fornhaug, en rétt eins gætu þær verið vörður, samantínt grjót ætlað til bygginga, grjót sem tínt hefur verið úr landi ætluðu til ræktunar, siglingamerki o.s.v.fr. Staðsetning dysja sem þessara gæti auðveldað að greiða úr flækjunni, a.m.k. í einhverjum tilfellum. Ytraleitisdysin og sú í Dysjaflóa eru við gamlar reiðleiðir, en Setbergshrúgan er það ekki. Sú fyrstnefnda er hlaðin og reisuleg, sú næsta svo stór að líklegast er hún náttúrusmíð, en á Setbergi virðist hrúgan hafa orðið til við að grjóti hafi verið kastað saman. Uppgröftur á þessum stöðum gæti veitt frekari upplýsingar um aldur og upprunalegt hlutverk þessara minja.

Frásögn um fornmannahaug á fjallshyrnu hjá Straumi er þjóðsaga og fellur í hóp mjög algengra sagna um hauga á háum stöðum með góðu útsýni.

² Adolf Friðriksson, „Haugar og heiðni: minjar un íslenskt járnaldarsamfélag“, Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*, Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands, 2004, s. 56-63.

Athyglisverðar eru þústirnar sem eru hjá Valshamri, Keisbakka og Bílduhóli. Þústirnar hjá Valshamri og Bílduhóli eru í túni og nærri bæjarstæði (innan við um 100-150 m), en sú hjá Keisbakka er um 700 m vestan við bæ, og utan gamla heimatúnsins. Með hliðsjón af því sem þekkt er um staðsetningu kumla á landinu, þá heyrir það til undantekninga að finna kuml í túni og mjög nærri bæjum. Af 161 stað á landinu öllu eru aðeins kumlin á Gautlöndum og Bakka sem eru í túni. Að því leyti er ósennilegt að þústin við Valshamar sé leifar kumla. Á hinn bóginn minnir Bílduleiði á staðsetningu þekktra kumla, s.s. við Kropp og Syðra-Krossanes í Eyjafirði: örstutt frá bæ, en í túnjaðri, undir barði og því ekki sjáanleg frá bænum. Framan við bæinn í Emmubergi er steinn og á fornmannsgröf að vera þar undir. Á nokkrum stöðum á landinu er getið um steina eða björg og eiga fornmenn að liggja þar undir. Virðist það algeng sögn í Dölum, því auk steinsins hjá í Emmubergi eru svipaðar sagnir um steina í Búðardal, Hvammi, og á Tjaldanesi í Saurbæ. Mjög oft er laust grjót ofan á kumlum, en engin dæmi eru þekkt um að stórir steinar eða björg hafi verið lögð á leiðin. Má vera að sögnin um „Auðarstein“ í fjörunni hjá Hvammi hafi getið af sér sambærilegar sagnir á öðrum bæjum í héraðinu.

Skjónadys á Skjónadysholti í landi Bílduhóls fannst ekki og óljóst hvaða vísbending er fólgin í örnefninu.

Hver er þá m.ö.o. árangur rannsóknarinnar? Hvað eru mörg kuml á Skógarströnd? Er sveitin ólík öðrum landshlutum? Rétt er að minna á að skráning á fornleif, hvers eðlis sem hún kann að vera, er fyrst og fremst nálgun og sjaldnast fullnægjandi til að bera kennsl á minjar. Það er uppgröftur á minjunum sem leiðir í ljós aldur þeirra og fyrri hlutverk. Að leita kumla með uppgrefti er mikið fyrirtæki, ef ekki liggja fyrir vísbendingar sem takmarka leitina við líklega staði. Árangur leitarinnar á Skógarströnd er sá að nú liggja fyrir a.m.k. 5 vel afmarkaðir staðir þar sem leita mætti kumlleifa með uppgrefti.

Það leiðir af sjálfu sér að næsta skref í rannsóknum á járnaldarsamfélagi Dalabyggðar væri að fara á þá staði sem hafa fundist og rannsaka með grefti. Reynist nokkrir þeirra vera kuml, hverfur “sérstaða” svæðisins. Sú nýja þekking gæti nýst til að leita kumla á fleiri stöðum í sýslunni, þar sem hægt væri að nota dæmi úr sjálfu héraðinu til að bæta líkanið um staðsetningu kumla á grundvelli staðarsérkenna. Hægt væri að sleppa hendinni af þeim vísbendingum sem stuðst var við nú (þ.e. örnefni, sagnir, mannabeinafundir ofl.) og leita eftir gömlum leiðum og (meintum) landamerkjum milli bæja. Þannig myndi gefast enn skýrari mynd af fjölda og dreifingu kumla úr heiðni í Dölum.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

Adolf Friðriksson, dagbækur 2007, 2011

Ísleif, gagnasafn um íslenskar fornleifar

Örnefnastofnun

Örnefnaskrá: Bílduhóll

Örnefnaskrá: Hólmúlatur

Örnefnaskrá: Keisbakki

Örnefnaskrá: Narfeyri

Örnefnaskrá: Setberg

Örnefnaskrá: Valshamar

Örnefnaskrá: Ytra-Leiti

Örnefnaskrá: Ólafsey

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson, Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir í Saurbæ í Dölum 2011 FS473-07291, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 2011.

Adolf Friðriksson, „Haugar og heiðni: minjar un íslenskt járnaldarsamfélag“, Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*, Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands, 2004, s. 56-63.

Árni Björnsson (1989) „Eyjar í Snæfellsnes- og Dalasýslum.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1989* bls. 53-134.

Bergsveinn Skúlason (1959-1960) „Ólafseyjar.“ *Breiðfirðingur* 18-19 bls. 55-68.

Byggðir Snæfellsness (1977) Ritn. Þórður Kárasen, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jónsson, Rv.

Einar Haukur Kristjánsson (1986) „Snæfellsnes norðan fjalla.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*, bls. 9-172.

FF: Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823 (1983). Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Rv., Stofnun Árna Magnússonar.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar (1990) Ágúst Ó. Georgsson gaf út, Rv., Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn.

Helgi Hjörvar (1932) „Snæfellsnes.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1932*, bls. 3-46.

Íslenskt fornbréfasafn - Diplomatarium Islandicum I-XVI, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1853-1976.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V. Hnappadals- og Snæfellsnessýsla Kaupmannahöfn, 1931-1933.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af

J. Johnsen (Kaupmannahöfn, 1847).

Kristján Eldjárn (1961). "Dys á Hólmúlatri á Skógarströnd." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1961*: 52-54.

Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson (2000) *Kuml og haugfé*. Reykjavík, Mál og menning

Kålund, P. E. K. (1984-1986). *Íslenskir sögustaðir I-IV*. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Matthías Þórðarson (1920). "Smávegis. Um fornmenjar í Snæfellsnessýslu." *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1920*: 14-17.

Snæfellsnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna (Reykjavík, 1970).

Sigurður Vigfússon (1882). "Rannsókn í Breiðafjarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881." Árbók Hins íslenska fornleifafélags: 60-105.

Sigurður Vigfússon (1893). "Rannsóknir í Breiðafirði 1889." Árbók Hins íslenska fornleifafélags: 1-23.

Sýslulýsingar 1744-1749. Sögufélag gaf út (Reykjavík, 1957).

Þorleifur Jónsson, „Örnefni nokkur í Breiðarfjarðar-dölum, úr Laxdælu, Landnámu, Sturlúngu, Grettis sögu, Fóstbræðra sögu og Kórmaks sögu“, Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta, II, 1876, 558-577.